



Áherslur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins á kjörtímabilinu 2022-2026

- (Afstaða til heildarendurskoðunar)** Svæðisskipulagsnefnd leggur til að unnið verði á grundvelli gildandi svæðisskipulags „Höfuðborgarsvæðið 2040“ með orðnum breytingum. Ekki er að svo stöddu lagt til að ráðist verði í heildarendurskoðun svæðisskipulags á kjörtímabilinu en einstaka breytingar verða teknar til efnislegrar meðferðar þegar slík erindi berast frá aðildarsveitarfélögum.
- (Heilnæmt umhverfi)** Svæðisskipulagsnefnd hyggst í upphafi kjörtímabils leggja sérstaka áherslu á leiðarljós 4 (*Heilnæmt umhverfi*) í gildandi svæðisskipulagi. Á fyrsta starfsári kjörtímabils verði lokið við *kortlagningu útivistarsvæða á höfuðborgarsvæðinu* en sú aðgerð er unnin á vettvangi Sóknaráætlunar. Óskað verði eftir kynningu frá Almannaöðrum vegna mögulega áhrifa náttúruvá á svæðisskipulag.
- (Leiðbeiningar um sjálfbært skipulag)** Á fyrri hluta kjörtímabils verði lokið við gerð leiðbeininga um *sjálfbært skipulag og vistvæn samgöngur*, í samstarfi við Skipulagsstofnun, sem fjalla um gæði byggðar í skipulagi og hönnun. Leitað verður umsagnar skipulagsfulltrúa sveitarfélaga og hagaðila við lokafrágang leiðbeininga.
- (Samkeppnishæfni)** Á síðari hluta kjörtímabils verði unnið að leiðarljósi 3 (*Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni*) í gildandi svæðisskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd mun beita sér fyrir skráningu á staðsetningu starfa og umfangi starfa án staðsetningar sbr. aðgerð 3.1.2. Svæðisskipulagsnefnd mun beita sér fyrir samstarfi sveitarfélaga á suðvesturhorninu í samræmi við markmið 3.2 í svæðisskipulagi.
- (Samgöngur)** Svæðisskipulagsnefnd mun fylgjast með framgangi samgöngusáttmálans og funda reglulega með fulltrúum Betri samgangna ohf. til að gæta hagsmuna sveitarfélaganna með tilliti til svæðisskipulags. Svæðisskipulagsnefnd mun beita sér fyrir bættum almenningssamgöngum á suðvesturhorninu, sér í lagi á Keflavíkurflugvöll sbr. aðgerð 3.2.5. Svæðisskipulagsnefnd mun óska eftir reglulegum fundum með Strætó bs. sér í lagi vegna leiðarkerfisbreytinga. Svæðisskipulagsnefnd mun taka þátt í vinnu Vegagerðarinnar við uppfærslu hjólaleiðbeininga.
- (Ferðavenjukönnun)** Svæðisskipulagsnefnd mun beita sér fyrir því að ferðavenjukönnun verður framkvæmd haustið 2022 og aftur árið 2024 og að niðurstöður verði kynntar á viðum vettvangi.
- (Þróunaráætlun)** Þróunaráætlun verði uppfærð snemma árs 2023 og 2024, þar sem komi fram talningar á fjölda íbúða og atvinnuhúsnaði í skipulagi sveitarfélaganna. Á seinni hluta ársins 2024 hefst vinna við undirbúning nýrrar þróunaráætlunar fyrir tímabilið 2025 – 2028 í samræmi við ákvæði svæðisskipulags. Framkvæmd verði ný mannfjöldaspá fyrir höfuðborgarsvæðið og talning á húsnaði í samþykktu skipulagi, ásamt mati á umfangi hagkvæms og/eða óhagnaðardrífins húsnaðis í skipulagsáætlun sveitarfélaga.
- (Heimsóknir í sveitarfélög)** Svæðisskipulagsnefnd stefnir á að heimsækja aðildarsveitafélög SSH á kjörtímabilinu, kynnast starfi skipulagssviða sveitarfélaganna og funda með nefndarmönnum skipulagsnefnda.

Ofangreint var samþykkt á 110. fundi svæðisskipulagsnefndar 14. október 2022 og sent aðildarsveitarfélögum til upplýsingar.

Pawel Bartoszek
Formaður svæðisskipulagsnefndar

Jón Kjartan Ágústsson
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins